

Gestur Þorgrímsson: Kona með greiðu. Höggmynd í granít, 1947.

Svona eru þeirra ær — og kýr

Mikil fjölbreytni einkennir samsýningu Myndhöggvarafélagsins sem stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Það er sannarlega engin ládeyða á þeim vettvangi, yrkisefnin margvísleg og efniviðurinn eftir því.


Höggmyndin, sem nú tíðkast að kalla skúlptúr í víðtækri merkingu, hefur fylgt okkur frá því landnámsmenn komu út hingað með sitt hafurtask. Sú höggmyndalist er nánast öll glötuð utan örfáir

gripir. Þar af er Þórslíkneskið frægast, þótt ekki sé það nema um 5 sm á hæð. Þessi magnaða smámynd fannst á Eyrarlandi í Eyjafirði og er líka merkileg fyrir þá sök, að hún er steipt úr bronsi. Fornleifafræðingar hallast að því, að höfundurinn hafi fyrst mótað myndina í vax; síðan hafi verið búið til mót úr leir, sem orðið hefur að brenna. Þórsmýndin er talin vera frá 11. eða 12. öld, en að líkindum er eldra annað líkneski úr beini: Hnefi úr hnefatafli, hnefinn samsvarar kónginum.


Hugsanlega er það Freysmynd og gæti verið frá 10. öld samkvæmt skoðun Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings á Þjóðminjasafninu. Í þessu sambandi má ennig benda á fjalirnar frá Flatartungu og Bjarnastaðahlíð; einnig fjalirnar frá Möðrufelli, sem taldar eru vera frá 10. öld. Stærstu verkin í þessum forna arfi okkar eru þó Kristur frá Ufsum í Svarfardal, frá 12. öld og Valbjóðsstaðarhurðin frá því um 1200. Sá er þó munurinn á nútíma skúlptúr og hinum forna arfi, að nú er það



Niels Hafstein: Art therapy I, kopar, 1983.



Árni Páll: Herotica Islandica, 1982. Uppstoppuð ær og stóll úr tré.



Sverrir Ólafsson: Nafnlaus, blönduð tækni. 1985.

listin fyrir listina; hinir fornu munir standa aftur á móti í sambandi við einhverja notkun eða trúarlega iðkun. Hugtakið frjáls myndlist hefur ekki verið til þá, en myndskerinn, sem túlkaði dómsdag eða skar út skrautfléttur, hefur þó verið í svipuðum sporum og nútíma listamaður.

HÖGGMYNDALIST SEM SJÁLFSTÆÐ LISTGREIN

Margur skúlptúrinn hefur orðið til í aldanna rás á Íslandi; stundum úr ýsubeini, stundum úr birkilurk, stundum úr tálguasteini. Það var alþýðulist úr forgengilegum efnum og mest af því er glatað.

Íslensk höggmyndalist verður til sem sjálfstæð listgrein með Einari Jónssyni, sem kleif þritugan hamarinn í lok síðustu aldar og fór ungur utan til náms í höggmyndalist, þótt enga örvun til slíks væri að finna í því samfélagi, sem hann var sprottinn úr. Enda þótt margir teldu það þá samsvara bilun, var geysileg virðing borin fyrir Einari og verkom hans meðal alþýðu manna; hann var Myndhöggvarinn, myndskáldið, sem sótti í þjóðlegan arf, goðafræði, guðstrú og gerðist sýmbólísti. Það segir sína sögu um virðinguna fyrir Einari, að Alþingi skyldi samþykkja að byggja hús yfir verk hans, og á sveitabæjum austur í Hreppum má ennþá sjá innrammaðar myndir af höggmyndum Einars í betri stofunni.

Í rauninni var Einar samt of seint á ferðinni. Hugmyndaheimur hans og still hefðu fallið betur að þeirri tízku og því viðhorfi, sem ríkti fyrr á 19. öldinni. Ekkert var Einari fjær en að taka þátt í þeirri formbyltingu, sem varð á hans dögum. Ekki er hægt að sjá, að hann hafi gert minnstu tilraunir í anda kúbismans, sem átti eftir að hafa svo mikil áhrif á höggmyndalist þessarar aldar. Þess vegna varð Einar í vaxandi mæli einfari, hann gekk í hamra í óeiginlegri merkingu og mætti ekki þeim skilningi hjá yngri og uppvaxandi myndlistarkynslóð, sem hann átti